

Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 8. apríl 2019 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 13:00.

Mætt voru: Frá BSRB, Arna Jakobína Björnsdóttir og Karl Þórsson. Árni Steinar Stefánsson, fulltrúi ASÍ boðaði forföll.

Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Mat á háskólanámi í uppeldis- og menntunarfræði

Beiðni barst frá stéttarfélagi um að meta BA gráðu í uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands til persónuálags samkvæmt gr. 10.2.1. Starfsheiti er umönnun á hjúkrunarheimili 1.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á ekki rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1. Mat á námi á háskólastigi fellur ekki undir hlutverk nefndarinnar samkvæmt reglum starfsþróunarnefndar.

2. Mat á námi verkamanns 1

Lögð fram beiðni um mat á námi úr Tækniskólanum. Starfsheiti er verkamaður 1. (Mál nr. 6, fundur 18. mars).

Mat á námi á háskólastigi fellur ekki undir hlutverk nefndarinnar samkvæmt reglum starfsþróunarnefndar. Starfsþróunarnefnd leggur til að sveitarfélagið skoði hvort meta skuli námið samkvæmt gr. 10.2.5.

3. Mat á námi starfsmanns á heimili fyrir fatlað fólk

Lögð fram beiðni um mat á námi frá Háskóla Íslands. Starfsheiti er starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk.

Mat á námi á háskólastigi fellur ekki undir hlutverk nefndarinnar samkvæmt reglum starfsþróunarnefndar.

4. Mat á námi starfsmanns í umönnun á hjúkrunarheimili 1

Lögð fram beiðni um mat á nokkrum námsbrautum, þar á meðal Fjölverkjanámi sem nær 150 kest. Starfsheiti er starfsmaður í umönnun á hjúkrunarheimili 1.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

5. Mat á námi skólaliða

Lögð fram beiðni um mat á námskeiðinu starfsnám stuðningsfulltrúa. Starfsheiti er skólaliði (ræsting).

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1 þar sem námið tengist í starfi starfsmanns og það hefur ekki áður verið metið í starfsmati.

6. Mat á námi starfsmanna á leikskólum

Máli frestað og frekari gagna aflað.

7. Mat á námi skrifstofustarfs 3

Lögð fram beiðni um mat á læknaritaranámi. Starfsheiti er skrifstofustarf 3.

Máli frestað og frekari upplýsinga aflað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.

Næsti fundur verður haldinn 6. maí 2019 kl. 9:30.